

Umhverfis- og skipulagssvið
Borgarbyggð
Borgarbraut 14
300 Borgarnes



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 15. mars 2017
UST201702-117/K.S.J.
10.04.02

Efni: Borgarnes, tillaga að breytingu á deiliskipulagi lóðanna Borgarbraut 55, 57 og 59

Vísað er til erindis skipulags- og umhverfissviðs Borgarbyggðar er barst 9. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðanna Borgarbraut 55, 57 og 59.

Skipulagssvæðið

Ofangreint svæði er miðsvæðis í Borgarnesi og er áætlað byggja á skipulagssvæðinu sem nær yfir Borgarbraut 55, 57 og 59, þetta byggð sem mun verða frá 3ja hæða upp í 7 hæða há. Við ofangreinda breytingu mun byggingarmagn aukast. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að áætluð byggð falli vel að umhverfinu.


Hljóðvist

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að hugað sé að hljóðvist í áætlaðri byggð á reitnum, þ.e. að hljóðvist sé í samræmi við reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

Fráveita

Umhverfisstofnun minnir á að öll fráveita skal vera í samræmi við sreglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir

Sérfræðingur


Björn Stefánsson

Sérfræðingur